

Skólaráð Hörðuvallaskóla

2. fundur skólaársins 2020-2021, haldinn 01.10.2020

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Kolbrún Ýr Jónsdóttir formaður foreldrafélagsins , Björn Ásbjörnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarasdóttir

Fulltrúi nemenda: Hávar Darri Vignisson, Ísabella Rós Magnúsdóttir

Fulltrúi félagsmiðstöðvar: Bjarki Sigurjónsson forstöðumaður félagsmiðstöðvar

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæði

- Fjárhagsáætlun vegna kjallara, mikilvægt að rökstyðja þörfina. Skólastjóri búinn að funda með bænum og fara yfir þetta.

2. Opin vika 19.-23.október

- Fyrirkomulag opinnar viku, taka alla í viðtöl á neti eða hefðbundin viðtöl, 10-15 mín dreifa á daga eftir kennslu, ígildi foreldra/nemendadags
- Foreldraviðtöl í google meet

3. Leiðarvísir varðandi heimakennslu/fjarkennslu

- Meðan skólastarf er ekki skert er ekki fjarkennsla nema nemandi fari í sóttkví.
- Þetta á við um nemendur sem fara í viku eða lengur í sóttkví ekki ef er verið að bíða eftir niðurstöðu úr skimun í 1-3 daga.
- Nemendur sem fara í sóttkví af því þeir eru að koma erlendis frá eru skráðir í leyfi þar til þeir mæta og falla ekki undir þessa þjónustu, foreldrar þeirra hafa valið þær aðstæður.
- Á einungis við ef einstaka nemendur fara í sóttkví, ekki heill bekkur þá verður gripið til annarra ráðstafana.
- Veikindi falla ekki undir þetta þó reglur séu strangari varðandi það að senda nemendur heim með flensulík einkenni.
- **Leiðarvísir ef nemandi er í sóttkví**
- Ef tilkynnt er um sóttkví nemanda þarf umsjónarkennari að tryggja að þær upplýsingar séu rétt skráðar í Mentor og tryggja að stjórnendur viti af sóttkvínni.
- Umsjónarkennari hefur samband heim á fyrsta degi, heyrir í foreldrum og/eða nemanda eftir aldri hans
- Umsjónarkennari boðar til fundar gegnum google, sendir link á foreldra/nemanda og fundar með foreldrum og nemanda ef um yngra barn er að ræða, með nemanda ef

viðkomandi er í 6.-10. bekk, gert er ráð fyrir 4 u.þ.b. 10 mínútna fundum meðan á 14 daga sóttkví stendur.

- Umsjónarkennari upplýsir aðra kennara og kemur boðum á milli ef á þarf að halda

4. Veikindi og sóttkví nemenda / starfsfólks

- Frá stjórnarráði:
 - Hvaða viðmið eru í gildi vegna heilsufars nemenda/starfsfólks s.s. vegna flensueinkenna?
 - Grunnskólanemendur og starfsfólk grunnskóla eiga ekki að mæta í skólann ef þau:
 - eru í sóttkví, einangrun eða að bíða niðurstöðu sýnatöku
 - Hafa verið í einangrun vegna Covid 19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift
 - eru með flensueinkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang ofl.). Miðað er við að skólabörn og starfsfólk skuli vera hitalaus heima amk einn sólarhring áður en þau snúa aftur í skólann ef veikindi stafa af öðru en Covid 19.
 - Mikilvægt er að foreldrar skólabarna og starfsfólk í grunnskólum hugi áfram vel að sóttvörnum og smithættu.
- Margir starfsmenn í sóttkví vegna barna sinna, að bíða eftir niðurstöðum skimana. Viðmiðið er að sýni fólk flensueinkenni þá á það að vera heima, óska eftir skimun og mæta ekki fyrir en niðurstaða liggur fyrir um neikvæða niðurstöðu.
- Varðandi veikindi barna þá er rétt að hafa í huga að hafi nemandi farið í skimun og fengið neikvætt út úr henni þá má hann vera í skólanum næstu daga á eftir þrátt fyrir væg einkenni s.s. kvef og hósta. Sé um langvarandi ástand, marga daga, að ræða þarf að skoða það.

5. Fundatími

- Fyrsta fimmtudag í mánuði kl 15:00

6. Önnur mál

- Erindi frá 10H tekið fyrir og rætt, sjá í fylgiskjali
- Einhver afþreying fyrir nemendur elstu deildar frá foreldrafélagi
 - a. Jafnréttisfélag
 - b. VAXA – app leikjamiðað getur haldið utan um reynsluna, allir hafa aðgang og safna inn upplýsingum t.d. árshátíð eða aðra viðburði.
 - c. Fötlunarfræðsla
 - d. Yfirmarkmið nemendaráðs í vetur að breyta og stýra stemmingunni vera heild, hrósa

Næsti fundur áætlaður fimmtudag 05.11.2020, kl 15:00

fundargerð ritaði
Þórunn

Tillögur frá 10. H um breytt fyrirkomulag í mötuneyti.

Skólaráð vill byrja á að lýsa yfir ánægju sinni með að fá til sín svona vel unnar og ígrundaðar tillögur, ákveðið var að biðja fulltrúa nemenda í skólaráði að koma svörum beint til ykkar í 10.H

Atriði 1. Við óskum eftir að möguleikinn á mjólkurvél í mötuneyti Vallakórs. Slík tæki fást hjá MS. Við teljum að mjólkurvél gæti nýst með fjölbreyttum hætti, t.d. Ef að nemendur myndu vilja fá sér morgunkorn eða kakó. Vísun til ráðlegginga um mataræði landlæknisembættinu þar sem mikilvægi mjólkurneyslu er áréttað.

Það er alveg sjálfsagt að verða við þessu. Pöntun á mjólkurvél fer af stað um leið og liggur fyrir hvort leigja á vél með léttmjólk eða nýmjólk. Það væri gott að fá upplýsingar um það sem fyrst.

Atriði 2. Við óskum eftir auknum fjölbreytileika í matarúrvali í kaffitímanum 10:10. Einhæft matarframboð eykur líkurnar á að nemendur sæki annað eftir mat og skapar neikvæða upplifun af mötuneytinu. Vísun til ráðlegginga um mataræði frá landlæknisembættinu þar sem mikilvægi fjölbreyttrar fæðu er tíundað.

Síðasta vetur var aðeins rætt um þetta eftir ábendingar frá hugmyndaráði. Ekki er hægt að bjóða upp á ávexti, nema tekin verði upp ávaxtaáskrift og það er mál sem þarf að skoða með matráðum og þeim sem halda utan um mataráskriftir. Annað sem var rætt var möguleiki á að fara í samstarf við bakarí um að fá að eiga það sem eftir er í lok dags, til dæmis rúnstykki, ostaslaufur og fleira. Nemendur gætu síðan selt þetta í morgunnestinu og ágóðinn farið í ferðasjóð. Þetta væri til dæmis hægt að gera 2-3 morgna í viku. Skólinn gæti þá lagt til smjör og ost. Möguleiki væri á að selja einhverja drykki með en líka að nýta mjólkurvélina. Þetta myndi auka á fjölbreytni í morgunnestinu. Nemendaráði var falið að kanna möguleika á samstarfi við bakarí og síðan þarf að fá hóp til að skipuleggja framkvæmdina á þessu. Það væri gott ef þetta yrði komið í gangi í síðasta lagi um vetrarleyfi.

Atriði 3. Við óskum eftir því að nemendur séu hafðir með í ráðum við ákvörðun matseðla í hádeginu. Til dæmis með nemendakosningum um matseðil mánuð í senn. Hægt væri að hafa kosningarnar hjá afmörkuðum nemendahóp í hvert skipti, til dæmis árgang eða bekk. Þetta ætti ekki að þurfa að vera erfitt í framkvæmd ef að notast er við Google Forms. Við teljum þetta muni auka ánægju með skólann, minnka matarsóun og minnka það að nemendur sæki annað eftir mat í hádeginu.

Vísun til 12. Greinar barnasáttmála sameinuðu þjóðana þar sem kveðið er á um að börn eigi

“rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.”

Auk þess vísun við til Aðalnámskrár grunnskóla þar sem Lýðræði er skilgreint sem grunnþáttur menntunar en þar segir:

“Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt”

Þetta hefur verið gert áður, fyrir líklega um þremur árum. Þá var fyrirkomulagið þannig að nemendur settu sínar hugmyndir í hugmyndakassa og svo var unnið upp úr því. Hildur matráður hitti svo fulltrúa nemenda og þau settu saman matseðil í sameiningu. Þá var miðað við að í hverri viku væri amk einn réttur sem nemendur kæmu með hugmynd að. Þetta mætti útfæra á ýmsa vegu. Hugmyndin að hafa einn árgang í einu er góð og legg ég til að við byrjum á 10.árgangi, fulltrúar þeirra í hugmyndaráði safni hugmyndum síns bekkjar og síðan verði fundað með Hildi. Það þarf að gerast um miðjan mánuð fyrir matseðil næsta mánaðar á eftir. Ég bið Írisi kennsluráðgjafa að gera Google Forms fyrir þetta og senda á árganginn.

Atriði 4. Við óskum eftir því að nemendum verði gert mögulegt að skrá sig í mat fyrir einstaka daga í samræmi við fyrirliggjandi matseðil, líkt og starfsmenn geta gert, í stað þess að þurfa að skrá sig heilan mánuð í senn. Við teljum þetta öfluga leið til að minnka matarsóun og auka ánægju nemenda með mötuneytið.

Þessi fyrirspurn kom upp síðasta vetur í hugmyndaráði, í kjölfarið kannaði ég fyrirkomulag í öðrum skólum í Kópavogi, t.d. Í Lindaskóla þar sem talið var að þetta fyrirkomulag væri. Ég fékk þær upplýsingar að þetta væri hvergi lengur.

Mataráskriftin er þannig að matráður fær ákveðna upphæð sem maturinn má kosta. Hann velur síðan saman rétti sem eru ýmist dýrari, jafn dýrir eða ódýrari en þessi upphæð. Í heildina þarf mánuðurinn að vera réttur. Þannig er skyr til dæmis ódýr réttur en mexíkósk kjúklingasúpa með sýrðum rjóma og nachos dýr réttur. Vandinn í þeim skólum sem prufuðu þetta var að nemendur völdu almennt dýrari rétti og slepptu þessum ódýru. Því urðu innkaup yfir mánuðinn dýrari en leyfilegt var. Skólaráð var sammála um að ekki væri gott að hækka mataráskriftina til að mæta þessu, enda er sú upphæð ákveðin hjá Kópavogsbæ en ekki einstökum skólum. Þess má geta að starfsmenn greiða hærra gjald fyrir sinn mat vegna þess að þeir velja milli daga. Við sjáum því miður ekki að hægt sé að verða við þessu atriði en myndum gjarna vilja fá hugmyndir um hvort hægt væri að bregðast við matarsóun á annan hátt.

Sjá:

Ráðleggingar um mataræði

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item25796/Radleggingar_matarædi_2016_Low_res.pdf

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Aðalnámskrá grunnskóla

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Með þökk fyrir gott og þarft erindi
Fh skólaráðs
Þórunn Jónasdóttir
skólastjóri